

Mánudaginn 13. maí 1974.

Nr. 71/1974: Sigmund Jóhannsson

gegn

Árna Ólafssyni & Co.

Árna Ólafssyni og

Íslenskum sjávarafurðum.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Frávísun. Gagnsök. Kröfusamlag. Aðiljasamlag.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Með kæru 19. febrúar 1974, sem barst Hæstarétti 5. apríl s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst sóknaraðili þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma um hina frávísuðu gagnsök að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Aðalsökin er höfðuð af Árna Ólafssyni & Co. gegn Sigmund Jóhannssyni.

Kröfur sóknaraðilja í gagnsökinni eru þessar:

„1) Að slegið verði föstu með dómi, að Árna Ólafssyni í eigin nafni og Árna Ólafssyni & Co. sé óheimilt að framleiða, selja eða á annan hátt hagnýta sér humarvélar, sem gagnstefnandi fann upp og framleiddar voru í félagi við stefnda Árna í fyrirtækinu Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f, og gagnstefndu in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

2) Að slegið verði föstu með dómi, að gagnstefnandi eigi einkarétt á firmanafni sínu, SIMFISK, og Árna Ólafssyni í eigin nafni og Árna Ólafssyni & Co. sé óheimilt að nota firmanafn gagnstefnanda, SIMFISK, sem vörumerki eða á annan

hátt og verði gagnstefndu in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

3) Að stefnda Árna Ólafssyni vegna Árna Ólafssonar & Co. verði dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 819.795.00, þ. e. kr. 491.877.00, stefnda Árna Ólafssyni persónulega dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 44.638.40, þ. e. kr. 26.783.04, og stefnda Árna Ólafssyni f. h. Íslenskra sjávarafurða dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 127.783.72, þ. e. kr. 76.673.23, allt með 1%-dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, allt að áskildum rétti til að hafa uppi hærri kröfur en hér greinir, ef í ljós kemur við endurskoðun á bókhaldi Sigmunds fiskvinnsluvéla s.f., að hér sé eitthvað vantalið, og er réttur áskilinn til hækkunar krafna, hvenær sem er, hvort heldur málið væri þá rekið fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti, ennfremur verði Árna Ólafssyni, Árna Ólafssyni & Co. og Íslenskum sjávarafurðum in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda kostnað að skaðlausu.

4) Að gagnstefnda Árna Ólafssyni & Co. verði dæmt að greiða gagnstefnanda skaðabætur vegna tapaðra markaða erlendis fyrir vélaframleiðslu sína og fyrir tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna hagnýtingar Árna Ólafssonar & Co. á firmanafni gagnstefnanda, SIMFISK, kr. 1.261.100.00 auk vaxta, 8% p. a., frá stefnudegi til greiðsludags og gagnstefnda verði dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað allan að skaðlausu.“

II.

Kröfur sóknaraðilja á hendur Árna Ólafssyni & Co. í 1. tölulið eru af sömu rót runnar og aðalsökin. Heimilt er að heimta þær í gagnsök samkvæmt 49. gr. laga nr. 85/1936 og með hliðsjón af 28. gr., sbr. 24. gr. laga nr. 18/1949.

III.

Krafan, sem sóknaraðili ber fram í 2. tölulið, er ekki af sömu rót runnin og krafan í aðalsök. Ber að vísa henni frá héraðsdómi.

IV.

Kröfur samkvæmt 3. og 4. tölulið á hendur Árna Ólafssyni & Co. eru ekki samrættar kröfu í aðalsök og að engu leyti hafðar uppi til skuldajafnaðar. Verða þær því eigi heimtar í gagnsök.

V.

Aðrar kröfur sóknaraðilja beinast að tveim aðiljum, sem voru ekki málsaðiljar í aðalsök. Gegn mótmælum þeirra og Árna Ólafssonar & Co. brestur sóknaraðilja heimild til að sækja þessar kröfur í máli Árna Ólafssonar & Co. gegn sóknaraðilja. Ber að vísa þessum kröfum frá héraðsdómi.

VI.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðilja Árna Ólafssyni & Co. dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00, en að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur að öðru leyti en sem hér segir:

Framangreindum kröfum sóknaraðilja Sigmunds Jóhannssonar á hendur varnaraðilja Árna Ólafssyni & Co. í III og IV hér að framan er vísað frá héraðsdómi.

Öllum kröfum sóknaraðilja í gagnsökinni á hendur varnaraðiljum Árna Ólafssyni og Íslenskum sjávarafurðum er vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili Árni Ólafsson & Co. greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum, en að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. janúar 1974, höfðaði Árni Ólafsson & Co., Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. september 1969, gegn Sigmund Jóhanns-

syni, Brekastíg 12, Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabóta, miska-bóta, lögfræðilegs kostnaðar o. fl., samtals að fjárhæð kr. 600.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 30. apríl 1969 til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að mati dómsins.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína í aðalsök sem hér segir:

- | | |
|---|----------------|
| 1. Beint fjártjón Árna Ólafssonar & Co.
vegna lögbannsaðgerða stefnda | kr. 376.910.00 |
| 2. Lögmanskostnaður og útlagður
kostnaður vegna lögbannsmáls | — 42.247.00 |
| 3. Miskabætur | — 170.843.00 |

Kr. 600.000.00

Samkvæmt kröfu Sigmunds Jóhannssonar, stefnda í máli þessu, var í fógatarétti Reykjavíkur 30. apríl s.l. kveðinn upp úrskurður þess efnis, að lögbann skyldi sett við tilteknum framkvæmdum Árna Ólafssonar & Co. og vélaverkstæðis Bernharðs Hannessonar gegn lögbannstryggingu að fjárhæð alls kr. 3.500.000.00. Undir rekstri lögbannsmálsins fyrir fógataréttinum lagði gerðarbeiðandi að kröfu gerðarþola fram bankatryggingu að fjárhæð allt að kr. 500.000.00. Hins vegar lagði gerðarbeiðandi eigi fram kr. 3.000.000.00 trygginguna, en kærði úrskurð fógeta um tryggingarfjárhæðina til Hæstaréttar, en með dómi réttarins frá 30. maí s.l. var kærinni vísað frá Hæstarétti, þar eð lagaheimild brast til hennar. Hinn 9. júní s.l. fékk umboðsmaður gerðarbeiðanda málið tekið fyrir að nýju í fógataréttinum og lét þar bóka kröfu um, að sér verði afhent lögbannstryggingin, sem er í formi bankaábyrgðar (símskeyti). Jafnframt lýsti hann yfir því, að lögbannsaðgerðir væru afturkallaðar. Kröfunni um afhendingu var andmælt af hálfu lögbannspola, og í greinargerð, sem lögð var fram af hans hálfu, var því lýst yfir, að hafðar yrðu uppi fébótakröfur og miskabótakröfur vegna ólögmaetra lögbannsaðgerða stefnda. Niðurstaða fógataréttar Reykjavíkur varð sú, að framkominni kröfu um afhendingu lögbannstryggingar var hafnað að svo stöddu. Er tryggingin því enn í vörslu borgarfógetaembættisins í Reykjavík. Krefst stefnandi þess, að honum verði með dómi í máli þessu heimilað að gera fjárnám í áminnstri tryggingu til tryggingar dómsskuld, ásamt vöxtum og kostnaði, sem dæmd kann að verða í máli þessu,

svo að hann geti gengið að henni til lúkningar tildæmdum kröfum.

Stefnandi lýsir málavöxtum nánar svo í greinargerð, að með sameignarsamningi, dagsettum 20. september 1966, hafi þeir Sigmund Jóhannsson og stefnandi Árni Ólafsson orðið eigendur að fyrirtæki, sem þeir nefndu Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f, og hafi Sigmund átt 60% en Árni 40% fyrirtækisins, sbr. dskj. nr. 3, bls. 21—22, þar sem samningur þessi sé í heild, en síðar hafi þó verið gerðar á honum breytingar, að því er varðaði skiptingu kostnaðar. Samkvæmt nefndum samningi unnu aðiljarnir að framleiðslu og sölu á framleiðsluvörum fyrirtækisins, sem voru humarflokkunarvélar, garnahreinsunarvélar og bakkar, sem notaðir eru við humarflokkun. Skyldi Sigmund vinna að uppfinningum og framleiðslu, en Árni sjá um sölu, samningsgerð og bókhald. Vegna ágreinings eigenda var sameignarfélaginu slitið, og var firmað Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f afmáð úr firmskrá Vestmannaeyja með tilkynningu, dagsettri 21. mars 1969.

Með bréfi, dagsettu 20. apríl 1969, til fógetaréttar Reykjavíkur krafðist stefndi síðan lögbanns við framleiðslu og sölu Árna Ólafssonar & Co. á áðurnefndum vélum. Var lögbanninu einnig beint að vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar, sem tekið hafði að sér smíði vélanna. Lögbanskrafan var fyrst og fremst byggð á því, að gerðarbeiðandi, stefndi í máli þessu, hefði sótt um einkaleyfi á vélum þessum og væru þær umsóknir til athugunar hjá iðnaðarmálaráðuneytinu.

Upphaflega krafðist stefndi þess aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 13. maí 1970. Stefndi gerir þær dómkröfur nú, að hann verið algerlega sýkaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Með stefnu, birtri 18. september 1970, höfðaði stefndi, Sigmund Jóhannsson, gagnsök í málinu og gerir þær dómkröfur:

1) Að slegið verði föstu með dómi, að Árna Ólafssyni í eigin nafni og Árna Ólafssyni & Co. sé óheimilt að framleiða, selja eða á annan hátt hagnýta sér humarvélar, sem gagnstefnandi fann upp og framleiddar voru í félagi við stefnda Árna í fyrirtækinu Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f, og gagnstefndu in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

2) Að slegið verði föstu með dómi, að gagnstefnandi eigi einkarétt á firmanafni sínu, SIMFISK, og Árna Ólafssyni í eigin nafni og Árna Ólafssyni & Co sé óheimilt að nota firmanafn gagnstefnanda, SIMFISK, sem vörumerki eða á annan hátt og verði gagn-

stefndu in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

3) Að stefnda Árna Ólafssyni vegna Árna Ólafssonar & Co verði dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 819.795.00, þ. e. kr. 491.877.00, stefnda Árna Ólafssyni persónulega dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 44.638.40, þ. e. kr. 26.783.04, og stefnda Árna Ólafssyni f. h. Íslenskra sjávarafurða dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 127.788.72, þ. e. kr. 76.673.23, allt með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, allt að áskildum rétti til að hafa uppi hærri kröfur en hér greinir, ef í ljós kemur við endurskoðun á bókhaldi Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f, að hér sé eitthvað vantalið, og er réttur áskilinn til hækkunar krafna, hvenær sem er, hvort heldur málið væri þá rekið fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti, enn fremur verði Árna Ólafssyni, Árna Ólafssyni & Co. og Íslenskum sjávarafurðum in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda kostnað að skaðlausu.

4) Að gagnstefnda Árna Ólafssyni & Co. verði dæmt að greiða gagnstefnanda skaðabætur vegna tapðra markaða erlendis fyrir vélaframleiðslu sína og fyrir tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna hagnýtingar Árna Ólafssonar & Co. á firmanafni gagnstefnanda, SIMFISK, kr. 1.261.100.00 auk vaxta 8% p. a. frá stefnudegi til greiðsludags og gagnstefnda verði dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað allan að skaðlausu.

Af hálfu gagnstefnda Árna Ólafssonar & Co. eru þær kröfur gerðar í gagnsök, aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda, en til vara, að kröfur gagnstefnanda verði stórum lækkaðar, og hvernig sem gagnsökin verði dæmd, krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnstefnanda.

Af hálfu hinna gagnstefndu, Árna Ólafssonar og Íslenskra sjávarafurða, er krafist sýknu og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda að mati dómarans.

Málavaxtalýsing í gagnsök.

Rök gagnstefnanda eru þau, að Árni Ólafsson, Hraunbraut 30, Kópavogi, sem er annar aðaleigandi Árna Ólafssonar & Co. móti eiginkonu sinni, gaf sig á tal við gagnstefnanda í desember 1965, er gagnstefnandi hafði fundið upp og búið til fyrstu flokkunarvél sína fyrir humar, sem hann hafði sótt um einkaleyfi á 22. október 1965. Bauðst Árni til að gerast sölumaður fyrir gagnstefnanda. Taldi Árni sig þurfa að fá 15% af brúttóandvirði seldra véla í sölulaun. Ákveðið var, að hann gerðist sölumaður að vélafram-

leiðslu gagnstefnanda og fengi 40% af nettóhagnaði af vélasölunni. Var gengið frá firmatilkynningu til firmaskrár Vestmannaeyja um sameignarfélag, Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f.

Í janúar 1966 fengu þeir gagnstefnandi og Árni léða fyrstu flokkunarvél gagnstefnanda hjá Vinnslustöðinni h/f, Vestmannaeyjum, og sýndu hana með væntanlega sölu í huga í frystihúsi Hvamms h/f, Kópavogi.

Á sölusýningu þessari kveður gagnstefnandi hafa selst vélar fyrir tæpar 2 milljónir króna að brúttósöluverðmæti. Einu vélarnar, sem seldust á árinu 1966, voru þær vélar, sem seldust á þessari sýningu, en þær voru 21.

Á árinu 1966 vann gagnstefnandi að uppfinningu á garnahreinsivél fyrir humar. Var tilraunavél smíðuð og um haustið haldin sýning í Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Hafði gagnstefnandi sótt um einkaleyfi á vél þessari til iðnaðarmálaráðuneytisins áður með bréfi, dags. 15. júlí 1966. Á sýningunni voru strax gerðar 5 pantanir og greitt inn á þær, en þær skyldu afgreiðast vorið 1967, í maí.

Á árinu 1968 urðu sölar mun meiri en á árinu 1967 og 1966, þar sem opnuðust tækifæri til að selja framleiðsluna erlendis.

Í upphafi höfðu þeir Árni og gagnstefnandi ekki gert skriflega samninga, en er kom fram á árið 1966, varð að samkomulagi að gera sameignarsamning, dags. 20. september 1966, eftir uppkasti Árna með þeirri breytingu, að 1. töluliður varðandi sameiginlegan kostnað, er greiðist af brúttóandvirði seldrar framleiðslu, er hljóðaði á uppkasti Árna svo: „Erlendur sölu- og dreifingarkostnaður-“, var strikaður út, áður en samningur var gerður, og breytingin staðfest með upphafsstöfum beggja, árituðum á samninginn.

Þegar svo kom fram á árið 1967 og erlendar sölar komu til, var gerður viðbótarsamningur upp á, að allur erlendur sölukostnaður greiðist af Árna nema erlend umboðslaun.

Samningar bera með sér, að gagnstefnandi ynni að uppfinningum, sæi um framleiðslu, en Árni sæi um söluhliðina, innheimtur, bókhald og bankainnstæður undir umsjón löggilts endurskoðanda, sem aldrei var framkvæmt.

Ágóðaskipting var 60% til gagnstefnanda, en 40% í hlut gagnstefnda Árna Ólafssonar.

Fljótlega eftir að samstarf aðilja hófst, fór að bera á vanskilum af hendi Árna Ólafssonar, og m. a. gekk erfiðlega fyrir gagnstefnanda að fá uppgjör fyrir árið 1966.

Vorið 1967 fékk gagnstefnandi handskrifað plagg frá bókhaldara

Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f, áritað: „Tekið saman með fyrirvara.“

Á það voru aðeins færðar brúttósölur, en hvergi kom fram það, sem greitt hafði verið fyrirfram upp í kaup á garnahreinsivélum.

Eftir þetta fékk gagnstefnandi annað handskrifað plagg frá bókhaldara, er fullyrt var, að væri örugglega rétt. Kom þá í ljós, að Árni Ólafsson hafði tekið út frá Sigmunds fiskvinnsluvélum s/f handa sér og sínum fyrirtækjum, Íslenskum sjávarafurðum og Árna Ólafssyni & Co., samtals kr. 689.611.75, en ágóðahluti hans nam aðeins kr. 292.435.96, þannig að hann skuldaði orðið fyrirtækinu kr. 397.175.79, og á þriðju uppstillingu reiknings fyrir árið 1966, sem gagnstefnandi fékk frá Árna Ólafssyni, var niðurstaðan sú, að Íslenskar sjávarafurðir skulduðu kr. 293.823.72, en Árni Ólafsson & Co. kr. 97.961.00.

Til að girða fyrir, að Árni ráðstafaði þannig fé á bak við gagnstefnanda, var gerður viðbótarsamningur, dags. 31. maí 1967, þar sem m. a. er tekið fram, að hvorugum aðilja væri heimilt að taka lán úr sjóðum fyrirtækisins án samþykkis hins, eigendur skyldu ætíð fá greiðslur úr sjóðnum í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn, en allar greiðslur lagðar á sérstakan hlaupareikning á nafni fyrirtækisins, og allar greiðslur vegna sameiginlegra útgjalda skyldu greiddar úr sama bankareikningi.

Þegar svo var liðið fram yfir mitt ár 1968, fékk gagnstefnandi reikningsyfirlit fyrir árið 1967 eftir mikla eftirgangsmuni, og var þá, þrátt fyrir gerða samninga, Árna Ólafssyni & Co. ætlaðar kr. 207.724.67 í sölulaun og færður kynningar- og ferðakostnaður kr. 182.414.50. Þegar þessi samningsbrot lágu fyrir, athugaði gagnstefnandi bankareikning fyrirtækisins, og vantaði þá mikið upp á, að þar væri inni næg innstæða miðað við sölur á árinu 1968. Í nóvemberbyrjun 1968 áttu svo aðiljar viðræðufund og eftir það, án þess að ágreiningur yrði jafnaður, en lágmarkskrafa gagnstefnanda var, að Árni Ólafsson skilaði aftur fjármunum Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f, er hann hafði dregið sér til sín og sinna fyrirtækja, og yrði þessum verðmætum skilað aftur fyrir áramót 1968/1969. Upp úr þessu slitnaði síðan félagsskapur aðiljanna, og með tilkynningu til firmaskrár Vestmannaeyja, dags. 21. mars 1969, var auglýst, að sameignarfélagið hefði hætt starfsemi frá 1. janúar 1969. Var þetta liður í að tilkynna alþjóð eins og viðskiptamönnum Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f, að Árni hefði ekki lengur söluumboð fyrir SIMFISK vélar. Samdægurs tilkynnti

gagnstefnandi, að hann ræki firma í Vestmannaeyjum til framleiðslu og sölu á SIMFISK vélum undir því firmanafni.

Skömmu síðar frétti gagnstefnandi á skotspónum, að Árni Ólafsson hefði gegnum Árna Ólafsson & Co. gert samning við Véla-verkstæði Bernharðs Hannessonar um framleiðslu á uppfinningum gagnstefnanda og hefði þegar gert sölusamninga um sölu á framleiðslunni, og hafði hann hafið undirbúning að þessu, áður en tilkynnt var um, að starfsemi Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f væri lokið. Leit gagnstefnandi svo á, að hér væri stórkostlega brotið gegn sínum rétti. Hafði Árni Ólafsson tekið að sér í samningum aðilja að Sigmunds fiskvinnsluvélum s/f að fylgja eftir einkaleyfisumsóknum gagnstefnanda, sem hann lét þó hjá líða að gera, svo að þær lágu enn óafgreiddar í ráðuneytinu. Gat hann ekki þegar af þeirri ástæðu hafið framleiðslu og sölu á vélunum. Hann gat ekki heldur sem sameiningaraðili í SIMFISK fiskvinnsluvélum s/f, sem sá um sölu og dreifingu, tekið að ófrjálsu út úr fyrirtækinu hugverk sameignarmannsins til að hagnýta sér og selja í auðgunarskyni fyrir sjálfan sig og sitt firma, og hvað síst, er hann stóð enn í óbættri sök við sameignarmann fyrir að hafa dregið sér og sínum fyrirtækjum fé út úr sameignarfélaginu bak við sameigandann. Beiddist gagnstefnandi því lögbanns við þessum löglausu aðförum og lagði fram tryggingu, kr. 500.000.00, en aðalsök í þessu máli er sprottin af lögbannsaðgerðum. Hins vegar úrskurðaði fógæti, að setja skyldi tryggingu, kr. 3.000.000.00, sem gagnstefnandi ekki réð við, en lögbannið skyldi þá ganga fram. Er 1. liður kröfugerðar í þessu máli til viðurkenningar á því, að þessum aðiljum sé óheimilt að hagnýta sér hugverk gagnstefnanda eins og á stendur.

Aðalstefnandi lét þó ekki við það sitja að hefja framleiðslu og sölu á humarvélum gagnstefnanda, heldur hóf auglýsingaherferð í Morgunblaðinu, að firma hans framleiddi og seldi SIMFISK vélar. Birti hann til áréttingar í auglýsingunni mynd eftir myndmóti, sem Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f eiga, án leyfis gagnstefnanda, en myndin er af snurpunótahring, er gagnstefnandi fann upp og framleiddi. Og til að bíta höfuðið af skömminni auglýsi svo aðalstefnandi í Lögbirtingablaði nr. 38 5. júní 1969 SIMFISK sem sitt vörumerki og krafðist forgangsréttar samkvæmt 18. gr. laga nr. 47/1968. Þessu mótmælti gagnstefnandi, undir eins og honum var um það kunnugt, með bréfi til vörumerkjaskrárritara, dags. 21. júní 1969, og krafðist þess, að þetta nafn verði afmáð úr vörumerkjaskrá fyrir framleiðslu aðalstefnanda, þar sem þetta væri

firmanafn gagnstefnanda. Er 2. töluliður stefnukröfu til að fá dóm sviðurkenningu fyrir einkarétti gagnstefnanda á firmanafni sínu og aðalstefnanda sé óheimilt að nota nafn hans.

3. töluliður stefnukröfu er endurheimtukrafa frá gagnstefnanda á fjármunum, sem honum tilheyrir, er Árni Ólafsson hafði dregið sér til fyrirtækja sinna og sín frá sameignarfélaginu Sigmunds fiskvinnsluvélum s/f, eins og bókhaldið sagði til um pr. 1. maí 1969, byggt á staðfestu símskeyti bókhaldara, Árna H. Brandssonar. Krefur gagnstefnandi í samræmi við sameignarsamning aðeins um 60% af skuldunum, þ. e. sinn hluta. Þar sem gagnstefnandi telur hér vera langt frá því, að öll kurl séu komin til grafar og skuldirnar nemi mun hærri fjárhæðum, er réttur áskilinn á síðara stigi til hækkunar kröfugerða, hvenær sem er undir rekstri málsins, eða sækja í sérmáli það, sem á kynni að vanta fulla kröfu-gerð í þessu máli.

Með bréfum, dags. 14. maí 1969 og 21. júní 1969, fór gagnstefnandi fram á opinbera réttarrannsókn út af viðskilnaði Árna Ólafssonar við Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f fyrir sakadómi Kópavogs. Þótt þar sé staðreynt það, sem að framan greinir, þótti saksóknara ríkisins ekki efni til frekari aðgerða af ákærvaldsins hálfu. Bókhald Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f afhenti sakadómur Kópavogs síðan Árna Ólafssyni án samráðs við gagnstefnanda, og mun Árni Ólafsson hafa komið því til varðveislu, einnig án samráðs við gagnstefnanda, hjá Gunnari R. Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, Ármúla 6, Reykjavík. Hefur gagnstefnandi því ekki fengið bókhaldið afhent né samráð við hann haft um endurskoðun þess. Er hér skorað á aðalstefnanda að afhenda gagnstefnanda bókhaldið, svo að lögleg endurskoðun á því megi fram fara, og er gagnstefnanda geymdur réttur til að krefjast bókhaldsins með innsetningargerð, svo að fengin verði endanleg endurskoðun á því (sic).

Eins og fram er komið hér að framan, er aðalsök höfðuð til greiðslu skaðabóta vegna umrædds lögbanns af Árna Ólafssyni & Co. á hendur Sigmund Jóhannssyni. Gagnsókin hins vegar er höfðuð gegn Árna Ólafssyni & Co., Árna Ólafssyni persónulega og Íslenskum sjávarafurðum vegna meints einkaréttar á framleiðslu framangreindra véla svo og fyrrgreinds vörumerkis. Þá er og gagnsókin höfðuð gegn þeim aðiljum hverjum um sig til greiðslu peningafjárhæðar. Gagnsókin er þannig höfðuð gegn tveimur aðiljum, sem ekki voru aðiljar í aðalsök.

Þó að gagnsókin eigi rætur að rekja til viðskipta aðilja í aðal-

sökinni, þá þykir hún ekki fullnægja ákvæðum 70. gr. einkamála-laganna til höfðunar hennar gegn aðalsök. Ber því af þessum ástæð-um að vísa gagnsökinni frá dómi ex officio, áður en efnisdómur verður lagður á aðalsök.

Afstaða til málskostnaðar verður tekin við væntanlegan efnis-dóm í aðalsök. Uppsaga dóms þessa hefur dregist um venju fram vegna anna dómenda.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Emil Ágústssyni borgardómara og Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Föstudaginn 17. maí 1974.

Nr. 5/1973: Atli Eiríksson s/f

(Gústaf Ólafsson hrl.)

gegn

Karli K. Guðmundssyni og gagnsök

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-
björnsson og Einar Arnalds.

Fasteignakaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1973. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði „aðeins dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda skaðabætur gegn afhendingu hins gallaða glers“ og að málskostnaður verði látinn falla niður. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. janúar